



Innihald

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttækin 23. janúar 2026 ásamt fylgiskjali, þar sem bifreið kæranda bílnúmer [REDACTED] var fjarlægð af Vöku þar sem hún stóð við Staðarbakka 8 í Reykjavík.

Óskast staðfest um móttöku.

Ólöf Harðardóttir skrifstofumaður ;
 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
 Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Ísland
 Sími / Tel: (+354) 5758710, símatími kl. 10-12
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Please consider the environment before printing and choosing transport.

Ólöf Harðardóttir - UUA

Frá: Diðrik Valur Diðriksson [REDACTED]
Sent: 23 January 2026 17:52
Til: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA
Efni: Kjæra
Viðhengi: 1000002756.jpg

Flokkar: GoPro: Filed under case UUA2601014 - Ökutæki fjarlægt af Vöku - Í vinnslu

Þú færð ekki oft tölvupóst frá diddiv@gmail.com. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Kæra til Úrskurðarnefnd umhverfis- og samgöngumála

Kærður aðili: Reykjavíkurborg (eða viðeigandi borgarstjórnar-/umferðaryfirvald)
Dagsetning: 18.01.26

Kærandi:
Diðrik Valur Diðriksson
[REDACTED]

Yfirlýsing um varnarleysi:

Ég lýsi því hér með yfir að ég var ekki viðstaddur heimili mitt þegar ákvörðunin/krafan sem til umræðu er kom og hef því átt í erfiðleikum með að sinna þessu máli innan venjulegs frests. Ég beið því fjarveru frá heimili mínu yfir þetta tímabil.

1. Kærð ákvörðun

Formlega kvörtun vegna fjarlægingar ökutækis míns, bílnúmer [REDACTED] sem lagt var fyrir utan Staðarbakka 8, 109 Reykjavík, og þar af leiðandi innheimtu gjalds að fjárhæð 37.800 kr. af hálfu fyrirtækisins Vöku, í samstarfi eða í umboði Reykjavíkurborgar.

2. Staðreyndir

- Á deginum [Setjið inn dagsetningu fjarlægingar] var ökutækið mitt, bílnúmer [REDACTED] lagt fyrir utan Staðarbakka 8, 109 Reykjavík.
- Ökutækið var fjarlægt af fyrirtækinu Vaka og mér var lagt á gjald að fjárhæð 37.800 kr. til að ná aftur í bifreiðina.
- Á umræddu svæði voru engar sýnilegar eða skýrar merkingar sem upplýstu um:
 - Að um einkasvæði væri að ræða.
 - Að þar væri bannað að leggja bíl.
 - Að bílar yrðu fjarlægðir og gjald lagt á eigendur.
- Ég hafði því enga sanngjarna leið til að vita að lagning á þessum stað væri óheimil eða að hún gæti haft slíkar alvarlegar afleiðingar.

3. Hagsmunaáhrif

Ákvörðunin snertir mig beint og beint hag, þar sem mér hefur verið innheimt óréttlátt gjald vegna aðgerða sem unnar voru án fyrirvara og undir ofangreindum óskilyrðum. Aðgerðin má líkjast ólögmati eignarsviptingu.

4. Lagarök

Að mínu fullyrða mati var þessi aðgerð ólögðmæt og óréttmæt af eftirfarandi ástæðum:

- Skortur á fyrirvara: Grunnkröfur um lögmæta notkun svo harðra aðgerða sem fjarlægning ökutækis og sektagjald felur í sér að almenningur sé skýrt og á áreiðanlegan hátt upplýstur um bann við lagningu og hugsanlegar afleiðir. Þessi skilyrði voru ekki uppfyllt á viðkomandi stað.
- Brotið upplýsingaréttur: Réttaröryggi borgara krefst þess að slíkar reglur séu birtar skýrt. Aðgerðin grefur undir trausti almennings til samstarfs við sveitarfélög og einkafyrirtækja á þessu sviði.

5. Kröfur til nefndarinnar

Ég krefst þess að Úrskurðarnefnd umhverfis- og samgöngumála felli úr gildi ákvörðun/kröfu um að greiða gjaldið og úrskurði eftirfarandi:

1. Að Reykjavíkurborg endurgreiði mér fulla upphæð gjaldsins, 37.800 kr., ásamt löglegum vöxtum af þeirri fjárhæð.
2. Að Reykjavíkurborg kanni hvort heimild hafi fyrir verið fyrir þessa aðgerð á umræddu svæði og hvort skilyrði um merkingar og upplýsingagjöf hafi verið uppfyllt.
3. Að Reykjavíkurborg grípi til viðeigandi aðgerða til að tryggja að slík atvik, þar sem borgurum er gert gjald fyrir að fara gegn reglum sem ekki eru tilkynntar, endurtaki sig ekki.

6. Kæruheimild

Kæra er höfð samkvæmt ákvæðum laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og samgöngumála, sbr. einnig almennar reglur um meðferð mála hjá stjórnvöldum og kröfu um skýra upplýsingagjöf.

6. Fylgigögn

- Afrit af kvittun/gjaldfærslu frá Vöku fyrir 37.800 kr.

Évænti skjóts og mínsamlegs úrskurðar í málinu.

Virðingarfylgst

Diðrik Valur Diðriksson

Sent from [Outlook for Android](#)





Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2026
HER-202602-6414
USK26020195

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. UUA2601014, vegna kæru Diðriks Vals Diðrikssonar, dags. 23. janúar 2026.

Kærandi kærir í framangreindri kæru að bifreið kæranda hafi verið fjarlægð af Vöku þar sem hún stóð við Staðarbakka 8 í Reykjavík.

Málavextir

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst kvörtun, dags. 11. desember 2025 um númerslausa bifreið sem var lagt á borgarlandi gegnt Staðarbakka 8.

Við eftirlit HER, dags. 16. desember var staðfest að á umræddum stað í götunni Staðarbakka væri númerslaus bifreið á borgarlandi sem lögreglan hafði tekið úr umferð. Í umræddri eftirlitsferð var límdur viðvörunarmiði á bifreiðina og gefin frestur til 30. desember til að fjarlægja bifreiðina. Á viðvörunarmiðanum voru jafnframt veittar kæruleiðbeiningar.

Bifreiðin var fjarlægð, dags. 15. janúar 2026 af Vöku hf. og leyst út þaðan af eiganda þann 16. janúar 2026.

Kröfugerð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir þá að kröfu að öllum kröfum kæranda verði hafnað.

Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er meðal annars að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Samkvæmt lögunum er heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum falið að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra þ.m.t. reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs. nr. 803/2023.

Í 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti koma fram ákvæði sem sett eru fram til að stuðla að markiði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir en þar kemur fram í 2. mgr. að bannað sé að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun, óþrifnaði eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smætti sem stærri hluti. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur svo fram að heilbrigðisnefnd sé heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, svo sem með



álímingarmiða með aðvörunarorðum. Tilkynna skal lóðareiganda eða eiganda lausamunar um málið eftir því sem kostur er, til að stuðla að því að hlutaðeigandi hafi fengið vitneskju um málið og gefist færi á að bregðast við áður en hluturinn er fjarlægður, sbr. einnig reglugerð um meðhöndlun úrgangs.

Í 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs kemur fram að heilbrigðisnefnd sé heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bíflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Með vísan til ofangreindra ákvæða er heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum veittar skýrar heimildir til að fjarlægja lausamuni, númerslaus ökutæki, bíflök og sambærilega hluti á borgarlandi sem er almannafæri.

Líkt og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að ofan þá var límdur viðvörunarmiði á bifreiðina, dags. 16. desember 2025 og veitur 14 daga frestur til að fjarlægja bifreiðina. Bifreiðin var svo fjarlægð þann 15. janúar 2026 þ.e. rétt tæplega mánuði eftir að viðvörunarmiðinn var límdur á bifreiðina. Þar sem bifreiðin stóð númerslaus í borgarlandi voru ekki til staðar upplýsingar sem HER gat notað til þess að finna eiganda bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af því sem að framan segir verður séð að eigandi bifreiðarinnar hafði mjög rúman tíma til þess að bregðast við og fjarlægja hina númerslausu bifreið af borgarlandi sjálfur. Telja verður jafnframt að álíming viðvörunarmiða á hina númerslausu bifreið hafi verið fullnægjandi með hliðsjón af reglum stjórnsýsluréttar og þeim kröfum sem fram koma í reglugerðum nr. 803/2023 og 903/2024. Jafnframt skal tekið fram að þau sjónarmið sem fram koma í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 10008/2019 er varða álímingu viðvörunarmiða, eiga ekki við í þessu máli þar sem að í framangreindu álitum umboðsmanns reyndi á fjarlægju bifreiðar sem stóð á einkalóð en í þessu máli stóð bifreiðin í borgarlandi.

Niðurstaða

Með hliðsjón af því sem öllu framangreindu hefur ekkert komið fram er valdið getur ógildingu þess að bifreiðin hafi verið fjarlægð og ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum kæranda í málinu.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að HER verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur,

Bjarki Freyr Arngrímsson
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið